

Viðauki

Atriði sem líta skal til við samþætt sérfræðimat, kvarði og lýsingar

1 B-ÞÆTTIR - LÍKAMSSTARFSEMI

Þau atriði sem lúta að líkamsstarfsemi eru eftirfarandi.

1.1 Líkamleg starfsemi

Kóði	Heiti atriðis	Spurning til fagaðila	0 – Engin skerðing	1 – Væg skerðing	2 – Miðlungs skerðing	3 – Mikil skerðing	4 – Algjör skerðing
b210	Sjón	Hvernig metur þú sjón einstaklings með tilliti til skýrleika, sjónsviðs, litar- og ljósnæmis, tvísýni og annarra sjónrænna þátta sem hafa áhrif á daglegt líf?	Einstaklingur sér eðlilega með báðum augum. Engin sjónskerðing eða skert skynjun á ljósi, lit eða formum.	Einstaklingur hefur væga sjónskerðingu, t.d. þarf gleraugu til að sjá vel í fjarlægð eða nálægð, en sjónin er að öðru leyti góð og truflar ekki daglegt líf.	Einstaklingur hefur skerta sjón sem hefur áhrif á daglegar athafnir, t.d. skert sjónsvið, tvísýni, litblindu eða náttblindu sem veldur óþægindum en hægt er að bæta með hjálpartækjum eða aðlögun.	Einstaklingur hefur verulega skerta sjón sem takmarkar getu til daglegra athafna, þrátt fyrir gleraugu eða hjálpartæki. Dæmi: lögblinda, rörsýni, miðlæg sjónsviðseyða eða helftarblinda sem hefur áhrif á öryggi og virkni.	Einstaklingur er algjörlega blindur, með enga eða mjög takmarkaða sjónskynjun, jafnvel með hjálpartækjum.
b230	Heyrn	Hvernig metur þú heyrn einstaklings með tilliti til getu hans til að greina hljóð, staðsetja þau, skynja tónhæð, styrk og aðgreina tal í daglegu lífi?	Einstaklingur heyrir eðlilega, getur greint og staðsett hljóð, aðgreint tal og skynjað tónhæð og styrk án erfiðleika.	Einstaklingur hefur væga heyrnarskerðingu, t.d. á ákveðnum tíðnum, en getur að mestu skilið tal og hljóð í daglegu lífi, jafnvel í umhverfi með bakgrunnshávaða.	Einstaklingur á í vanda með að greina hljóð eða skilja tal, sérstaklega í hávaða eða fjarlægð, og þarf aðstoð í formi heyrnartækja eða annarra aðlögunarúrræða.	Einstaklingur á mjög erfitt með að greina og aðgreina tal, jafnvel með heyrnartækjum og/eða ígræði, og treystir á sjónrænar vísbendingar (t.d. varalestur) eða aðra tjáskiptamöguleika.	Einstaklingur er heyrnarlaus eða með það mikla skerðingu að hann greinir hvorki tal né umhverfishljóð, jafnvel með hjálpartækjum og/eða ígræði.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

b235	Jafnvægisstarfsemi	Hvernig metur þú jafnvægi einstaklings, með tilliti til getu hans til að greina stöðu sína, viðhalda jafnvægi og stjórna hreyfingum í daglegu lífi?	Einstaklingur hefur eðlilegt jafnvægi, getur staðið, setið, gengið og hreyft sig án óstöðugleika eða svima.	Einstaklingur finnur stundum fyrir jafnvægistruflunum, t.d. við hraðar hreyfingar eða í ákveðnum aðstæðum, en þær hafa ekki teljandi áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur upplifir reglulega óstöðugleika, finnur fyrir jafnvægistruflunum í sumum aðstæðum eða stöðum (t.d. við skyndilegar breytingar á stöðu) og gæti þurft stuðning eða aðlögun.	Einstaklingur á í mjög miklum vanda með jafnvægi, finnur oft fyrir svima eða óstöðugleika, þarf að styðjast við vegg, húsgögn eða hjálpartæki í standandi/sitjandi stöðu og á göngu.	Einstaklingur getur ekki viðhaldið jafnvægi án aðstoðar, hefur stöðugan svima eða finnur að staðaldri fyrir óstöðugleika sem gerir sjálfstæða hreyfingu mjög erfiða eða ómögulega.
b280	Verkjatilfinning	Hvernig metur þú verkjaupplifun einstaklings, með tilliti til styrkleika, staðsetningar, eðlis og áhrifa verkja á daglegt líf og virkni?	Einstaklingur upplifir enga verki eða aðeins tímabundna og væga óþægindatilfinningu sem hefur engin áhrif á daglegar athafnir.	Einstaklingur finnur vægum verkjum stöku sinnum, en þeir hafa lítil áhrif á daglegar athafnir.	Einstaklingur upplifir verki reglulega, sem geta haft áhrif á daglegar athafnir og krafist verkjastillingar, en hann getur þó sinnt flestum athöfnum með aðlögun eða stuðningi.	Einstaklingur glímir við stöðugan eða endurtekinn verk sem truflar daglegt líf og takmarkar virkni verulega, jafnvel með verkjastillingu eða meðferð.	Einstaklingur upplifir stöðugan og lamandi verk sem gerir honum mjög erfitt eða ómögulegt að sinna daglegum athöfnum án mikils stuðnings eða inngripa.
b455	Áreynsluþol	Hvernig metur þú áreynsluþol einstaklings, með tilliti til getu hans til að þola líkamlega áreynslu í daglegu lífi og við virkni?	Einstaklingur hefur eðlilegt áreynsluþol og getur framkvæmt líkamlega krefjandi athafnir án óeðlilegrar þreytu eða mæði.	Einstaklingur finnur stundum fyrir óeðlilegri þreytu eða mæði við langvarandi eða mikla áreynslu, en það hefur lítil áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur á erfitt með líkamlega áreynslu í lengri tíma, finnur fyrir óeðlilegri þreytu eða mæði við venjulega líkamlega áreynslu og þarf hlé eða stuðning við sumar athafnir.	Einstaklingur hefur takmarkað áreynsluþol, finnur fyrir verulegri mæði eða þreytu við léttu áreynslu og getur aðeins framkvæmt einfaldar athafnir án hvíldar.	Einstaklingur á erfitt með eða er ófær um að framkvæma mjög léttu líkamlega áreynslu án verulegrar þreytu eða mæði og þarf verulegan stuðning í daglegu lífi.
b460	Skynhrif er tengjast starfsemi hjarta-, æða- og öndunarkerfis	Hvernig metur þú skynhrif einstaklings sem tengjast starfsemi hjarta-, æða- og öndunarkerfis, svo sem andnað, hjartsláttartruflanir, mæði, þrýsting fyrir brjósti eða önnur óþægindi sem hafa áhrif á daglegt líf?	Einstaklingur upplifir ekki einkenni eins og hjartsláttarónot, mæði eða þrýsting fyrir brjósti í daglegu lífi.	Einstaklingur finnur stundum fyrir hjartsláttartruflunum eða vægri mæði við mikla áreynslu, en einkenni eru sjaldgæf og hafa lítil sem engin áhrif á virkni.	Einstaklingur finnur reglulega fyrir hjartsláttartruflunum, mæði eða óþægindum í brjósti við hæfilega áreynslu, sem getur krafist hvíldar eða aðlögunar í daglegu lífi.	Einstaklingur finnur fyrir verulegum óþægindum eins og hjartsláttartruflunum, mæði eða þrýstingi fyrir brjósti jafnvel við litla áreynslu, sem takmarkar virkni verulega og krefst reglulegrar hvíldar eða inngripa.	Einstaklingur upplifir stöðug eða alvarleg einkenni, svo sem viðvarandi mæði eða hjartsláttartruflanir, jafnvel í hvíld, sem gera daglegar athafnir mjög erfiðar eða ómögulegar án verulegs stuðnings eða inngripa.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

b525	Hægðastarfsemi	Hvernig metur þú skerðingu á hægðastarfsemi einstaklings, með tilliti til hægðalosunar, tíðni, þéttleika hægða og hægðaheldni, og hvaða áhrif þetta hefur á daglegt líf hans?	Einstaklingur hefur eðlilega hægðalosun, með venjulega tíðni og þéttleika, án óþæginda eða óvæntra breytinga.	Einstaklingur upplifir stundum óreglu í hægðalosun, t.d. væga hægðatregðu eða niðurgang, en hefur að mestu stjórn á hægðum sínum og áhrif á daglegt líf eru lítil.	Einstaklingur hefur viðvarandi eða endurtekin einkenni eins og hægðatregðu, niðurgang eða vindgang sem krefjast meðferðar, hjálpartækja eða sérstakrar aðlögunar í daglegu lífi.	Einstaklingur glímir við verulega skerðingu, s.s. hægðaleka, endurtekin vandamál með hægðalosun eða niðurgang sem truflar daglega. jafnvel með notkun hjálpartækja.	Einstaklingur hefur enga stjórn á hægðalosun, t.d. vegna hægðaleka eða vanhæfni í hringvöðva endaparmsops, þrátt fyrir notkun hjálpartækja eða verulegs stuðnings við að sinna daglegum athöfnum.
b620	Starfsemi tengd þvaglátum	Hvernig metur þú skerðingu á starfsemi tengdri þvaglátum hjá einstaklingi, með tilliti til tíðni, stjórn og þvagheldni, og hvaða áhrif þetta hefur á daglegt líf hans?	Einstaklingur hefur eðlilega stjórn á þvaglátum, eðlilega tíðni og engin óþægindi tengd þvaglátum.	Einstaklingur upplifir stundum aukna tíðni þvagláta, vægan þvagmissi eða væga þvaglátsþörf sem hefur lítil eða engin áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur upplifir endurtekin vandamál með stjórn á þvaglátum, þvagleka eða þvagteppu, sem getur krafist inngripa eða sérstakrar aðlögunar í daglegu lífi.	Einstaklingur hefur verulegar truflanir á starfsemi þvagblöðru, svo sem endurtekinn þvagmissi við áreynslu, ósjálfráð þvaglát eða oftár en ekki þörf á hjálpartækjum eða inngripi til að stjórna þvaglátum.	Einstaklingur hefur enga stjórn á þvaglátum, svo sem vegna sjálfvirkar þvagblöðru, varanlegs þvagleka eða þvagteppu sem krefst stöðugrar umönnunar eða notkunar hjálpartækja eins og þvagleggja.
b730	Vöðvakraftur	Hvernig metur þú styrk vöðvakrafts einstaklings, með tilliti til einstakra vöðva eða vöðvahópa og hvort skerðing hafi áhrif á virkni í daglegu lífi?	Einstaklingur hefur eðlilegan vöðvastyrk í öllum vöðvum og vöðvahópum, engin merki um kraftminnkun eða lömun.	Einstaklingur hefur lítilligan minnkaðan vöðvastyrk í einstaka vöðvum eða vöðvahópum, en getur framkvæmt daglegar athafnir án teljandi erfiðleika.	Einstaklingur hefur merkjanlega minnkaðan styrk í ákveðnum vöðvahópum (t.d. í útlimum eða bol), sem veldur erfiðleikum við sum dagleg verkefni og getur krafist aðlögunar eða hjálpartækja.	Einstaklingur hefur verulega minnkaðan vöðvastyrk eða vöðvalömun í stórum hluta líkamans (t.d. útlimslömun eða helftarlömun), sem hefur veruleg áhrif á hreyfigetu og daglega virkni. Krefst stoðtækja eða aðstoðar annarra.	Einstaklingur hefur enga vöðvastarfsemi í stórum vöðvahópum (t.d. fjórlömun eða alvarleg þverlömun) og er háður utanaðkomandi aðstoð til að hreyfa sig eða framkvæma daglegar athafnir.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

b755	Ósjálfráð hreyfiviðbrögð	Hvernig metur þú skerðingu á ósjálfráðum hreyfiviðbrögðum einstaklings, með tilliti til stöðu-, rétti-, aðlögunar-, jafnvægis-, þungaburðar- og varnarviðbragða, og hvaða áhrif það hefur á daglegt líf?	Einstaklingur hefur eðlileg ósjálfráð hreyfiviðbrögð og getur viðhaldið jafnvægi og stöðu án óeðlilegra truflana eða seinkunar á viðbrögðum.	Einstaklingur sýnir lítilsháttar seinkun eða breytileg ósjálfráð hreyfiviðbrögð, en það hefur lítil sem engin áhrif á jafnvægi eða stöðu í daglegu lífi.	Einstaklingur upplifir skerta getu til að bregðast við jafnvægisáreitum eða óvæntum breytingum í líkamsstöðu, sem veldur aukinni hættu á óstöðugleika og krefst aðlögunar eða stuðnings í sumum aðstæðum.	Einstaklingur á erfitt með að virkja ósjálfráð hreyfiviðbrögð við jafnvægisáreiti eða líkamsstöðu, sem leiðir til verulegrar skerðingar á getu til að viðhalda jafnvægi og stöðu án aðstoðar eða hjálpartækja.	Einstaklingur hefur litla eða enga ósjálfráða hreyfiviðbragðsgetu, sem veldur alvarlegri skerðingu á jafnvægi, stöðugleika og sjálfstæði í hreyfingu, krefst stöðugs stuðnings eða sérhæfðra hjálpartækja.
b760	Stjórnun viljastýrðra hreyfinga	Hvernig metur þú stjórnun og samhæfingu viljastýrðra hreyfinga hjá einstaklingi, með tilliti til einfaldra og flókinna hreyfinga, samhæfingar á milli útlíma og augna, og hvaða áhrif skerðing á þeirri líkamsstarfsemi hefur á daglegt líf?	Einstaklingur hefur fulla stjórn og samhæfingu viljastýrðra hreyfinga, getur framkvæmt bæði einfaldar og flóknar hreyfingar án erfiðleika.	Einstaklingur finnur fyrir smávægilegum erfiðleikum með hraða eða nákvæmni í sumum hreyfingum, en það hefur lítil sem engin áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur á erfitt með að samhæfa viljastýrðar hreyfingar, t.d. á milli hægri og vinstri hliðar líkamans eða á milli augna og útlíma, sem veldur erfiðleikum við sum dagleg verkefni og krefst aðlögunar eða stuðnings.	Einstaklingur hefur verulega skerðingu á stjórn og samhæfingu hreyfinga, sem gerir einfaldar athafnir erfiðar og krefst oft hjálpartækja eða stuðnings við framkvæmd daglegra verkefna.	Einstaklingur hefur mjög litla eða enga stjórn á viljastýrðum hreyfingum, sem veldur miklum takmörkunum á hreyfigetu og gerir hann háðan verulegum stuðningi eða aðlögunum í daglegu lífi.
b810	Varnarstarf húðar	Hvernig metur þú varnarstarfsemi húðar einstaklings gegn líkamlegum, efnafræðilegum og líffræðilegum skaðvöldum, t.d. gegn þrýstingi, ertandi efnum, bakteríum eða sól?	Húðin veitir eðlilega vörn gegn skaðvöldum.	Húðin er örhlíð viðkvæmari en eðlilegt þykir, t.d. vegna þynningar eða vægs ljósnæmis, en veitir samt almennt góða vörn og hefur ekki teljandi áhrif á daglegt líf.	Húðin er viðkvæm og hefur aukna tilhneigingu til húðroða, ertingar eða húðrofs við vægt áreiti. Þarfnast stundum sérhæfðar umönnunar sem getur haft áhrif á daglegt líf.	Varnarstarfsemi húðar er skert. Húðvandamál eru endurtekin, svo sem exem, húðbólgur eða langvarandi sár, sem þarfnast sérhæfðar umönnunar og hafa áhrif á færni einstaklings í daglegu lífi.	Varnarstarfsemi húðar er verulega skert, húðin veitir litla sem enga vörn gegn skaðvöldum, með viðvarandi sárum, sýkingum eða öðrum alvarlegum húðvandamálum sem krefjast mikillar sérhæfðar umönnunar og takmarkar verulega færni einstaklings í daglegu lífi.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

b820	Viðgerðarstarf húðar	Hvernig metur þú viðgerðarstarfsemi húðar til að gróa eftir skaða, t.d. sár, sprungur eða aðra áverka?	Húðin grær eðlilega við minniháttar áverka.	Húðin grær aðeins hægar en eðlilegt þykir án þess að það hafi teljandi áhrif á daglegt líf.	Húðin grær á lengri tíma en eðlilegt þykir, er viðkvæm fyrir minniháttar áverkum, ertingu eða sýkingum og þarfnast stundum sérhæfðrar umönnunar sem getur haft áhrif á daglegt líf.	Viðgerðarstarfsemi húðar er skert, með endurteknum og langvarandi sárum á húð. Gróandi er mjög hægur og aukin hætta er á sýkingum sem krefst sérhæfðrar umönnunar og hefur áhrif á færni einstaklings í daglegu lífi.	Viðgerðarstarfsemi húðar er verulega skert, með viðvarandi sárum, legusárum eða örvefsmyndun sem krefjast mikillar sérhæfðar umönnunar og takmarkar verulegra færni einstaklings í daglegu lífi.
------	----------------------	--	---	---	---	---	--

1.2 Hugræn eða vitræn starfsemi

Kóði	Heiti atriðis	Spurning til fagaðila	0 – Engin skerðing	1 – Væg skerðing	2 – Miðlungs skerðing	3 – Mikil skerðing	4 - Algjör skerðing
b114	Áttun	Hvernig metur þú skerðingu á áttun einstaklings, með tilliti til getu hans til að vera áttaður á stað, stund, sjálfum sér, öðrum, hlutum og umhverfi, og hvaða áhrif þetta hefur á daglegt líf hans?	Einstaklingur er vel áttaður á tíma, stað, sjálfum sér, öðrum og umhverfi, án villna eða óvissu.	Einstaklingur upplifir stundum tímabundnar áttunarvillur, t.d. gleymir dögum eða tíma dags, en það hefur lítil áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur upplifir reglulega áttunarvillur varðandi tíma eða staðsetningu og þarf aðstoð eða áminningu til að rata eða skipuleggja daginn sinn.	Einstaklingur upplifir mjög oft áttunarvillur, á erfitt með að vera áttaður á stað, stund eða jafnvel sjálfum sér og öðrum, sem krefst verulegs stuðnings í daglegu lífi.	Einstaklingur hefur alvarlega áttunarvillu, þekkir hvorki tíma, stað né fólk í kringum sig og er með verulega skerta getu til að taka þátt í daglegu lífi þrátt fyrir stöðugan stuðning.
b117	Vitsmunastarf	Hvernig metur þú skerðingu á vitsmunastarfi einstaklings, með tilliti til getu hans til að skilja, samþætta og nota upplýsingar í daglegu lífi?	Einstaklingur hefur eðlilega vitsmunastarfsemi og getur skilið, samþætt og notað upplýsingar án erfiðleika.	Einstaklingur upplifir stundum erfiðleika með flókið vitsmunastarf, t.d. úrvinnslu upplýsinga eða skipulag en það hefur lítil áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur á verulegra erfitt með vitsmunastarf, þar á meðal úrvinnslu upplýsinga, rökhugsun og skipulagningu, sem getur krafist aðlögunar og stuðnings í daglegu lífi.	Einstaklingur glímir við verulegar hömlur á vitsmunastarfi, svo sem skerta rökhugsun, verulega vitsmunaskerðingu eða minnkaða getu til að læra nýjar upplýsingar, sem krefst verulegs stuðnings við daglegar athafnir.	Einstaklingur hefur mjög skerta vitsmunastarfsemi, svo sem alvarlega þroskahömlun eða vitglöp, sem gera hann háðan stöðugri umönnun og leiðsögn í daglegu lífi.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

b1300	Orkustig	Hvernig metur þú skerðingu á orkustigi einstaklings, með tilliti til þróttar, þreks og getu hans til að viðhalda orku í daglegu lífi?	Einstaklingur hefur eðlilegt orkustig, finnur ekki fyrir óeðlilegri þreytu og viðheldur orku yfir daginn.	Einstaklingur finnur stundum fyrir vægri þreytu eða orkutapi, sérstaklega eftir langvarandi virkni, en þetta hefur lítil áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur finnur reglulega fyrir þreytu og minnkuðu orkustigi, sem getur haft áhrif á daglega virkni og krefst hvíldar eða aðlögunar.	Einstaklingur glímir við viðvarandi og verulega minnkað orkustig, sem takmarkar þátttöku í daglegum athöfnum og krefst verulegrar aðlögunar eða stuðnings.	Einstaklingur hefur alvarlega skerðingu á orkustigi, finnur fyrir stöðugri þreytu og skorti á þrótti, sem gerir þátttöku í daglegu lífi mjög erfiða eða ómögulega án verulegs stuðnings.
b1301	Áhugahvöt	Hvernig metur þú skerðingu á áhugahvöt einstaklings, með tilliti til getu hans til að hefjast handa, viðhalda frumkvæði og sýna áhuga í daglegu lífi?	Einstaklingur hefur eðlilega áhugahvöt við daglegar athafnir og tekur frumkvæði í verkefnum.	Einstaklingur sýnir stundum skerta áhugahvöt, þarf stundum hvatningu til að byrja á verkefnum, en þetta hefur lítil áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur finnur oft fyrir skorti á hvatningu og þarf reglulega ytri hvatningu eða aðhald til að koma sér af stað og viðhalda þátttöku í daglegum athöfnum.	Einstaklingur á erfitt með að hefjast handa í flestum athöfnum án verulegrar utanaðkomandi hvatningar og sýnir lítinn eða engan áhuga á verkefnum og lítið frumkvæði.	Einstaklingur sýnir ekki frumkvæði, hefur enga tilhneigingu til að taka þátt í verkefnum eða athöfnum og krefst stöðugar hvatningar eða aðstoðar til að framkvæma grunnathafnir daglegs lífs.
b1304	Hvatastjórn	Hvernig metur þú skerðingu á getu einstaklings til að hafa stjórn á hvatvísi, stjórna viðbrögðum sínum og bregðast við á viðeigandi hátt í daglegu lífi?	Einstaklingur á ekki í vanda með hvatvísi, getur stýrt skyndilegum hvötum og bregst við á viðeigandi hátt.	Einstaklingur finnur stundum fyrir erfiðleikum með að hafa stjórn á eigin hvatvísi, en það hefur lítil áhrif á daglegt líf eða félagsleg samskipti.	Einstaklingur á erfitt með að stjórna hvatvísi í ákveðnum aðstæðum, sem getur leitt til óviðeigandi viðbragða eða hegðunar sem krefst leiðsagnar eða aðlögunar í daglegu lífi.	Einstaklingur hefur verulega skerta getu til að stjórna hvatvísi, sýnir endurtekið skyndileg viðbrögð eða óviðeigandi hegðun sem hefur áhrif á félagslega virkni og þarf verulegan stuðning við dagleg samskipti og athafnir.	Einstaklingur hefur mjög litla eða enga stjórn á hvatvísi, bregst ósjálfrátt við án aðhalds, sem veldur alvarlegum truflunum í daglegu lífi og krefst stöðugs eftirlits eða leiðsagnar.
b134	Svefn	Hvernig metur þú skerðingu á svefni einstaklings, með tilliti til getu hans til að sofna, sofa óslitið og vakna, gæði svefns og áhrif svefntruflana á daglegt líf?	Einstaklingur sefur eðlilega, á auðvelt með að sofna, sofa óslitið og vaknar úthvildur.	Einstaklingur finnur stundum fyrir vægum svefntruflunum, svo sem tímabundnu svefnleysi eða skertum svefngæðum, en þetta hefur lítil áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur á í endurteknum erfiðleikum með svefn, s.s. þarf lengri tíma að sofna, sefur slitrótt og glímir við svefntruflanir sem leiða til dagsýfju og skerts úthalds í daglegu lífi.	Einstaklingur glímir við alvarlegar svefntruflanir, svo sem langvarandi svefnleysi eða óeðlilega svefnsækni, sem hefur mikil áhrif á orku, einbeitingu og virkni í daglegu lífi.	Einstaklingur hefur mjög alvarleg svefnvandamál, s.s. mikla svefnskuld, drómasýki eða stöðugar svefntruflanir sem hindra daglega virkni þrátt fyrir verulegar íhlutanir.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

b140	Athygli	Hvernig metur þú skerðingu á getu einstaklings til að viðhalda og stýra á athygli í daglegu lífi?	Einstaklingur getur viðhaldið og stýrt athygli án erfiðleika og verður sjaldan fyrir truflunum í daglegu lífi.	Einstaklingur finnur stundum fyrir erfiðleikum með einbeitingu eða er næmur fyrir truflunum, en þetta hefur lítil áhrif á dagleg verkefni.	Einstaklingur á erfitt með að viðhalda athygli yfir lengri tíma, á erfitt með að stýra athygli og verður auðveldlega truflaður í daglegum athöfnum.	Einstaklingur á mjög erfitt með að halda athygli, er mjög næmur fyrir truflunum og á í verulegum erfiðleikum með að ljúka verkefnum án utanaðkomandi aðstoðar.	Einstaklingur hefur mjög litla eða enga getu til að viðhalda athygli, truflast mjög auðveldlega og getur ekki lokið verkefnum eða fylgt fyrirmælum þrátt fyrir verulegan stuðning.
b144	Minni	Hvernig metur þú skerðingu á minni einstaklings, með tilliti til getu hans til að skrá, geyma og endurheimta upplýsingar í daglegu lífi?	Einstaklingur hefur eðlilega minnisstarfsemi, getur auðveldlega skráð, geymt og sótt upplýsingar án erfiðleika.	Einstaklingur gleymir stundum minniháttar atriðum, svo sem nöfnum eða daglegum smáatriðum, en þetta hefur lítil sem engin áhrif á virkni í daglegu lífi.	Einstaklingur á erfitt með að muna nýjar upplýsingar, gleymir reglulega viðburðum eða fyrirmælum og þarf áminningu eða utanaðkomandi stuðning til að halda utan um dagleg verkefni.	Einstaklingur hefur verulega skerðingu á minni, gleymir oft mikilvægum upplýsingum eða atburðum, á erfitt með að endurheimta langtíma minningar og þarf verulegan stuðning við skipulag og upprifjun daglegra athafna.	Einstaklingur hefur mjög skerta eða enga getu til að skrá eða endurheimta upplýsingar, gleymir jafnvel grunnatriðum eins og eigin nafni, fjölskyldumeðlimum eða eigin fyrri reynslu og er algjörlega háður utanaðkomandi aðstoð til að stjórna daglegu lífi.
b152	Tilfinningalíf/ andlegt jafnvægi/ tilfinningastarfsemi	Hvernig metur þú skerðingu á andlegu jafnvægi/ tilfinningastarfsemi einstaklings, með tilliti til getu hans til að upplifa, tjá og stjórna tilfinningum á viðeigandi hátt í daglegu lífi?	Einstaklingur upplifir, tjáir og stjórna tilfinningum á eðlilegan og viðeigandi hátt, án teljandi óstöðugleika eða vanlíðunar.	Einstaklingur finnur stundum fyrir aukinni taugaspennu, kvíða eða depurð en getur almennt stjórnað tilfinningum sínum. Þetta hefur lítil áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur á erfitt með tilfinningastjórnun, upplifir oft sveiflur í geðhrifum og getur átt erfitt með að bregðast við tilfinningalegum aðstæðum á viðeigandi hátt í daglegu lífi.	Einstaklingur upplifir verulegt andlegt ójafnvægi, upplifir langvarandi eða áberandi geðhrif eins og mikinn kvíða, depurð eða reiði sem hefur veruleg áhrif á félagslega þátttöku og daglega virkni.	Einstaklingur upplifir algjört andlegt ójafnvægi, upplifir langvarandi og alvarlega truflun á geðhrifum (t.d. óviðeigandi eða engin tilfinningasvörün), sem gerir honum mjög erfitt að takast á við daglegt líf þrátt fyrir verulegan stuðning eða inngrip.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

b156	Skynjun	Hvernig metur þú skerðingu á skynjun einstaklings, með tilliti til getu hans til að bera kennsl á og túlka skynáreiti, svo sem heyrn, sjón, lykt, bragð og snertingu?	Einstaklingur skynjar og túlkar skynáreiti eðlilega, án teljandi truflana eða rangtúlkunar.	Einstaklingur finnur stundum fyrir vægum truflunum á skynjun, minnkaðri eða aukinni næmni fyrir ákveðnum áreitum, en þetta hefur lítil áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur upplifir reglulegar truflanir á skynjun, svo sem minnkaða eða ofurviðkvæma skynjun á heyrn, sjón eða snertingu, sem veldur erfiðleikum í daglegu lífi og krefst aðlögunar.	Einstaklingur hefur verulegar truflanir á skynjun, svo sem ofurviðkvæma skynjun á heyrn, sjón og snertingu eða ofskynjanir sem hafa áhrif á getu hans til að greina og túlka umhverfi sitt rétt og krefst mikils stuðnings eða hjálpartækja.	Einstaklingur hefur alvarlega truflun eða algjört skynleysi á einu eða fleiri sviðum skynjunar, sem gerir eðlilega túlkun á umhverfi hans mjög erfiða eða ómögulega þrátt fyrir verulega aðstoð eða sértæk hjálpartæki.
b160	Hugsun	Hvernig metur þú skerðingu á hugsun einstaklings, með tilliti til hraða, forms, innihalds og markvissrar úrvinnslu hugmynda í daglegu lífi?	Einstaklingur er með eðlilegt hugsunarferli, getur mótað, tengt og sett fram hugmyndir rökrétt og á markvissan hátt án truflana.	Einstaklingur finnur stundum fyrir erfiðleikum með hugsun, svo sem hægari úrvinnslu eða tímabundnum hugrænum truflunum, en þetta hefur lítil sem engin áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur á reglulega erfitt með að viðhalda samræmdri og markvissri hugsun, getur átt í erfiðleikum með rökhugsun og verður fyrir truflunum eins og hugsanastíflu eða óviðeigandi hugsunum.	Einstaklingur er með verulegar truflanir á hugsunarferli, svo sem ásæknar hugsanir, þráhyggju eða samhengislausu hugsun, sem hefur áhrif á daglega virkni og félagslega aðlögun.	Einstaklingur á mjög erfitt með að tengja og vinna úr hugsunum á rökréttan hátt, sýnir alvarlegar hugsanatrufnanir eins og ranghugmyndir, hugsanastíflu eða óviðeigandi hugsunarmynstur sem gera sjálfstæða virkni mjög erfiða eða ómögulega þrátt fyrir verulega aðstoð.
b164	Vitræn starfsemi	Hvernig metur þú skerðingu á vitrænni starfsemi einstaklings, með tilliti til getu hans til að taka ákvarðanir, hugsa óhlutbundið, skipuleggja verkefni og aðlaga hegðun sína að ólíkum aðstæðum?	Einstaklingur hefur eðlilega vitræna starfsemi, getur tekið skynsamlegar ákvarðanir, skipulagt og framkvæmt verkefni og sýnt sveigjanleika í hugsun og hegðun án erfiðleika.	Einstaklingur á stundum í erfiðleikum með skipulagningu, tímastjórnun eða aðlögun að nýjum aðstæðum, en þetta hefur lítil áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur á erfitt með að skipuleggja verkefni, taka skynsamlegar ákvarðanir eða fylgja áætlunum eftir og þarf oft stuðning eða áminningu til að stjórna daglegum athöfnum.	Einstaklingur hefur verulega skerta vitræna starfsemi, á erfitt með að hugsa óhlutbundið, stjórna hegðun sinni í samræmi við aðstæður og sýnir minnkaðan sveigjanleika í hugsun, sem krefst verulegrar aðlögunar eða eftirlits í daglegu lífi.	Einstaklingur hefur mjög skerta vitræna getu, getur ekki skipulagt athafnir, tekið ákvarðanir eða stjórnað hegðun sinni, þrátt fyrir utanaðkomandi stuðning við daglega virkni.

b176	Vitræn stýring fjölþættra hreyfinga	Hvernig metur þú skerðingu á vitrænni getu einstaklings til að raða, samhæfa og framkvæma sjálfráðar fjölþætтар hreyfingar í daglegu lífi?	Einstaklingur hefur eðlilega getu til að skipuleggja og framkvæma fjölþætтар hreyfingar, svo sem klæðast, nota áhöld og samræma augnhreyfingar við hreyfingu annarra líkamshluta.	Einstaklingur á stundum í minniháttar erfiðleikum með að skipuleggja eða samræma hreyfingar, en þetta hefur lítil sem engin áhrif á daglegt líf.	Einstaklingur á erfitt með að samhæfa og framkvæma fjölþætтар hreyfingar í rétttri röð, t.d. við að klæðast, nota verkfæri eða samhæfa augnhreyfingar, sem krefjast aukinnar athygli eða utanaðkomandi leiðbeininga.	Einstaklingur hefur verulegar truflanir á stýringu fjölþættra hreyfinga, t.d. vegna hreyfiverkstols eða augnhreyfiverkstols, sem hefur veruleg áhrif á sjálfstæða getu hans og krefst aðstoðar í daglegu lífi.	Einstaklingur getur ekki skipulagt og stjórnað fjölþætillum hreyfingum eða framkvæmt einfaldar athafnir, svo sem að klæðast eða nota hluti þrátt fyrir stuðning.
------	-------------------------------------	--	---	--	--	--	--

2 D-ÞÆTTIR – ATHAFNIR OG ÞÁTTTAKA

Þau atriði sem lúta að athöfnum og þátttöku eru eftirfarandi.

2.1 Nám og beiting þekkingar

Kóði	Heiti atriðis	Spurning til fagaðila	0 – Enginn vandi	1 – Vægur vandi	2 – Miðlungs vandi	3 – Mikill vandi	4 – Algjör vandi
d155	Ávinna sér leikni	Hvernig metur þú færni einstaklings til að þróa með sér nýja leikni, læra ný verkefni og halda áfram að tileinka sér þekkingu í starfi og daglegu lífi?	Einstaklingur hefur fulla færni til að þróa með sér nýja leikni, læra ný verkefni og aðlagast breytingum án erfiðleika.	Einstaklingur þarf stundum meiri tíma eða leiðsögn til að þróa með sér nýja leikni en getur tileinkað sér hana með lágmarks stuðningi.	Einstaklingur á erfitt með að þróa með sér nýja leikni eða aðlagast sig að breyttum verkefnum án verulegs stuðnings, leiðsagnar eða endurtekinna æfinga.	Einstaklingur getur að einhverju leyti þróað með sér nýja leikni en þó aðeins með stöðugri endurtekningu og leiðsögn, en nær samt ekki fullri færni í nýjum verkefnum.	Einstaklingur getur ekki þróað með sér nýja leikni eða lært ný verkefni, þrátt fyrir mikla þjálfun og aðlögun.
d160	Einbeita sér	Hvernig metur þú færni einstaklings til að beina athyglinni vísitandi að ákveðnu verkefni og halda einbeitingu við dagleg verkefni, þrátt fyrir utanaðkomandi truflanir?	Einstaklingur hefur fulla færni til að einbeita sér, getur útilokað áreiti og viðhaldið athygli án erfiðleika.	Einstaklingur á stundum erfitt með að viðhalda einbeitingu, sérstaklega í krefjandi umhverfi, en nær þó aftur einbeitingu með lágmarks stuðningi.	Einstaklingur á erfitt með að beina athygli og halda einbeitingu yfir lengri tíma, verður auðveldlega truflaður og þarf oft stuðning eða aðlögun í vinnu eða daglegum verkefnum.	Einstaklingur getur aðeins haldið einbeitingu í stuttan tíma, verður stöðugt truflaður af áreiti og þarf stöðuga aðstoð og stuðning til að ljúka verkefnum.	Einstaklingur getur ekki einbeitt sér að verkefnum, á erfitt með að fylgja fyrirmælum þrátt fyrir stöðugan stuðning eða leiðsögn í daglegu lífi.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

d175	Leysa vanda	Hvernig metur þú færni einstaklings til að greina vandamál, finna lausnir, meta mögulegar afleiðingar þeirra og leysa vanda í daglegu lífi og starfi?	Einstaklingur getur greint og leyst bæði einföld og margþætt vandamál án erfiðleika, metið afleiðingar lausna og framkvæmt viðeigandi aðgerðir.	Einstaklingur þarf stundum meiri tíma eða lágmarks stuðning til að greina og leysa vandamál.	Einstaklingur á erfitt með að greina og vinna úr upplýsingum til að finna lausnir á vandamálum og þarf leiðsögn eða aðlögun í daglegu lífi og starfi.	Einstaklingur hefur verulega skerta getu til að greina og þróa lausnir á vandamálum, þarf stöðuga leiðsögn eða aðstoð til að taka ákvarðanir og framkvæma lausnir.	Einstaklingur getur ekki leyst vandamál sjálfstætt og nær ekki að meta afleiðingar lausna þrátt fyrir stöðugan stuðning við ákvarðanatöku og úrvinnslu verkefna.
d177	Taka ákvarðanir	Hvernig metur þú færni einstaklings til að velja á milli mismunandi kosta, framkvæma valda ákvörðun og meta áhrif hennar í daglegu lífi og starfi?	Einstaklingur getur tekið sjálfstæðar og rökstuddar ákvarðanir, valið á milli mismunandi kosta og metið áhrif þeirra án erfiðleika.	Einstaklingur getur tekið ákvarðanir en þarf stundum lengri tíma til að vega og meta valkosti eða leitar eftir stuðningi áður en hann framkvæmir ákvörðun.	Einstaklingur á erfitt með að velja á milli mismunandi kosta, skortir innsæi eða yfirsýn til að meta afleiðingar ákvarðana og þarf leiðsögn eða stuðning við ákvarðanatöku.	Einstaklingur getur aðeins tekið ákvarðanir með mikilli aðstoð, sýnir takmarkaða hæfni til að meta áhrif ákvarðana og þarf stöðuga leiðsögn til að framkvæma vissar ákvarðanir.	Einstaklingur getur ekki tekið ákvarðanir sjálfstætt, hefur ekki getu til að vega og meta valkosti eða framkvæma ákvarðanir, þrátt fyrir verulegan stuðning eða eftirlit.

2.2 Almenn verkefni og kröfur

Kóði	Heiti atriðis	Spurning til fagaðila	0 – Enginn vandi	1 – Vægur vandi	2 – Miðlungs vandi	3 – Mikill vandi	4 – Algjör vandi
d210	Inna af hendi stakt viðfangsefni	Hvernig metur þú færni einstaklings til að hefja, skipuleggja og ljúka stöku viðfangsefni, hvort sem er einföldu eða flóknu?	Einstaklingur getur hafið, skipulagt og lokið viðfangsefnum án erfiðleika, stýrir vinnuhraða og vinnur markvisst.	Einstaklingur getur sinnt viðfangsefnum en þarf stundum minni háttar leiðsögn eða aðstoð við að skipuleggja sig eða viðhalda vinnuhraða.	Einstaklingur á erfitt með að hefja, skipuleggja eða halda sig við viðfangsefni, þarf leiðsögn eða stuðning til að ljúka verkefnum og aðlaga vinnuhraða.	Einstaklingur getur ekki hafið né sinnt viðfangsefnum án verulegrar aðstoðar, hefur skerta getu til að skipuleggja verkefni og viðhalda vinnuhraða.	Einstaklingur getur ekki hafið eða lokið viðfangsefni, jafnvel með mikilli aðstoð, og krefst stöðugs stuðnings við allar athafnir sem krefjast skipulags og úthalds.
d220	Inna af hendi mörg viðfangsefni	Hvernig metur þú færni einstaklings til að skipuleggja, samræma og framkvæma mörg viðfangsefni samtímis eða í röð, á skilvirkan hátt?	Einstaklingur getur auðveldlega sinnt mörgum verkefnum samtímis eða í röð og forgangsraðað.	Einstaklingur getur sinnt mörgum viðfangsefnum en á stundum erfitt með að forgangsraða eða samræma þau, sérstaklega í krefjandi aðstæðum.	Einstaklingur á erfitt með að samræma mörg verkefni og þarfnast leiðsagnar eða stuðnings við að skipuleggja og ljúka verkefnum.	Einstaklingur á mjög erfitt með að sinna og ljúka mörgum viðfangsefnum samtímis eða í röð og getur aðeins sinnt einföldum verkefnum með verulegri aðstoð.	Einstaklingur getur ekki sinnt fleiri en einu verkefni í einu og á erfitt með að ljúka viðfangsefnum, þrátt fyrir mikla leiðsögn og stuðning.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

d230	Fylgja dagskipulagi	Hvernig metur þú færni einstaklings til að skipuleggja, stjórna og framkvæma dagleg verkefni og skyldustörf með skilvirkum hætti, með tilliti til m.a. tímastjórnunar og forgangsröðunar verkefna yfir daginn?	Einstaklingur getur skipulagt og stjórnað daglegum verkefnum, fylgt áætlun og aðlagð sig breytingum án erfiðleika.	Einstaklingur getur fylgt dagskipulagi en á stundum erfitt með tímastjórnun eða forgangsröðun verkefna og þarf stöku sinnum aðstoð eða leiðsögn.	Einstaklingur á erfitt með að skipuleggja og stjórna daglegum verkefnum, þarf reglulega aðstoð eða leiðsögn til að viðhalda skilvirkni og forgangsraða verkefnum yfir daginn.	Einstaklingur á mjög erfitt með að skipuleggja dagleg verkefni, gleymir mikilvægum verkefnum og þarf oft aðstoð eða eftirlit til að fylgja dagskipulagi.	Einstaklingur getur ekki skipulagt eða stjórnað daglegum verkefnum og er algjörlega háður utanaðkomandi aðstoð eða eftirliti til að sinna daglegum skyldustörfum.
d240	Takast á við streitu og annað andlegt álag	Hvernig metur þú færni einstaklings til að takast á við og stjórna andlegu álagi í daglegu lífi og starfi?	Einstaklingur getur tekist á við streituvaldandi aðstæður og ábyrgð án teljandi áhrifa á líðan eða frammistöðu.	Einstaklingur finnur stundum fyrir streitu í erfiðum aðstæðum en getur almennt stjórnað andlegu álagi með lágmarks stuðningi eða aðferðum til að draga úr streitu.	Einstaklingur á erfitt með að takast á við streitu og andlegt álag, krefst reglulega stuðnings eða aðlögunar í vinnu og daglegu lífi til að viðhalda virkni í krefjandi aðstæðum.	Einstaklingur á mjög erfitt með að stjórna andlegu álagi, sýnir skerta færni til að takast á við streitu og þarf aðstoð eða undanþágur frá álagsmiklum verkefnum.	Einstaklingur getur ekki tekist á við streituvaldandi aðstæður eða ábyrgð, þolir ekkert álag og krefst stöðugs stuðnings til að takast á við daglegt líf.

2.3 Tjáskipti

Kóði	Heiti atriðis	Spurning til fagaðila	0 – Enginn vandi	1 – Vægur vandi	2 – Miðlungs vandi	3 – Mikill vandi	4 – Algjör vandi
d310	Skilja talað mál	Hvernig metur þú færni einstaklings til að skilja talað mál, bæði einföld og flókin skilaboð, þar á meðal bókstaflega og dulda merkingu orða í daglegum samskiptum og starfi?	Einstaklingur skilur talað mál fullkomlega, þar á meðal einföld og flókin skilaboð, orðatiltæki og duldar merkingar.	Einstaklingur skilur almennt talað mál en á stundum erfitt með að skilja flókin skilaboð, orðatiltæki eða duldar merkingar í krefjandi aðstæðum.	Einstaklingur á erfitt með að skilja flókið talað mál og þarf stundum að láta endurtaka eða útskýra merkingu orða og setninga.	Einstaklingur skilur aðeins einföld samskipti í töluðu máli og þarf oft hægara tal, einfaldari orð eða myndrænar útskýringar til að fylgja samskiptum.	Einstaklingur getur ekki skilið talað mál.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

d320	Skilja tjáningu á táknmáli	Hvernig metur þú færni einstaklings til að skilja táknmál, bæði einföld og flókin skilaboð, þar á meðal bókstaflega og dulda merkingu þess sem tjáð er með táknmáli í daglegum samskiptum?	Einstaklingur skilur táknmál fullkomlega, þar á meðal flókin skilaboð, duldar merkingar og blæbrigði þess sem tjáð er með táknmáli orðatiltæki og duldar merkingar.	Einstaklingur skilur almennt táknmál en á stundum erfitt með flókin skilaboð eða tákn í krefjandi aðstæðum.	Einstaklingur á erfitt með að skilja flókið táknmál og þarf stundum að láta endurtaka eða útskýra merkingu þess sem tjáð er með táknmáli.	Einstaklingur skilur aðeins einföld tákn og þarf oft myndrænar eða einfaldar útskýringar á því sem sem tjáð er með táknmáli.	Einstaklingur skilur ekki táknmál.
d315	Skilja tjáningu án orða (látbragð, tákn, teikningar, ljósmyndir)	Hvernig metur þú færni einstaklings til að skilja bókstaflega og dulda merkingu tjáningar án orða, þar með talið látbragð, svipbrigði og myndrænar upplýsingar í daglegum samskiptum og starfi?	Einstaklingur skilur auðveldlega bæði bókstaflega og dulda merkingu tjáningar án orða, þar með talið látbragð, svipbrigði, viðvörunarmerki, tákn og myndrænar upplýsingar.	Einstaklingur skilur almennt tjáningu án orða en á stundum erfitt með að túlka óljóst látbragð, duldar merkingar eða flókin tákn.	Einstaklingur á erfitt með að skilja tjáningu án orða, þar með talið algengt látbragð og merki, og þarf oft að fá útskýringar á merkingu þeirra.	Einstaklingur á mjög erfitt með að skilja tjáningu án orða, þarf oft að treysta á munnlegar skýringar eða aðrar leiðir til að skilja merkingu tákna, látbragðs og viðvörunarmerkja.	Einstaklingur getur ekki skilið tjáningu án orða, þar með talið látbragð, tákn eða myndrænar upplýsingar, og er algjörlega háður öðrum samskiptaleiðum til að skilja umhverfi sitt.
d330	Tjá sig með töluðum orðum (tala)	Hvernig metur þú færni einstaklings til að tjá sig með orðum þar með talið að mynda orð, setningar og tjá sig í samfelldu máli með bæði bókstaflegri og duldri merkingu?	Einstaklingur tjáir sig auðveldlega með töluðu máli, notar bæði bókstaflega og dulda merkingu talaðra orða án erfiðleika.	Einstaklingur getur tjáð sig með töluðum orðum en á stundum erfitt með flóknar setningar og að koma upplýsingum eða hugsunum á framfæri með skýrum orðum.	Einstaklingur getur tjáð sig með einföldum orðum en þarf stundum stuðning við að koma upplýsingum eða hugsunum á framfæri.	Einstaklingur tjáir sig með stökum orðum, á erfitt með að mynda heildstæð skilaboð og þarf verulegan stuðning í samskiptum.	Einstaklingur getur ekki tjáð sig með töluðu máli og er háður öðrum samskiptaleiðum svo sem myndum eða hjálpartækjum.
d340	Tjá sig með formlegu táknmáli	Hvernig metur þú færni einstaklings til að tjá sig með formlegu táknmáli, þar með talið að mynda orð, setningar og tjá sig í samfelldu máli með bæði bókstaflegri og duldri merkingu?	Einstaklingur tjáir sig auðveldlega með táknmáli og notar bæði bókstaflega og dulda merkingu án erfiðleika.	Einstaklingur getur tjáð sig með táknmáli en á stundum erfitt með flókin tákn og nákvæmni í tjáningu með táknmáli.	Einstaklingur notar einföld tákn og þarf stundum stuðning eða endurtekningar til að koma hugsunum á framfæri.	Einstaklingur tjáir sig með stökum táknum, á erfitt með að mynda heildstæð skilaboð og þarf verulegan stuðning í samskiptum.	Einstaklingur getur ekki tjáð sig með táknmáli og er háður öðrum samskiptaleiðum, svo sem myndum eða hjálpartækjum.

2.4 Hreyfanleiki

Kóði	Heiti atriðis	Spurning til fagaðila	0 – Enginn vandi	1 – Vægur vandi	2 – Miðlungs vandi	3 – Mikill vandi	4 – Algjör vandi
d410	Breyta grunnlíkamsstöðu	Hvernig metur þú færni einstaklings til að breyta grunnlíkamsstöðu, þar með talið að standa upp, setjast, leggjast, krjúpa, setjast á hækjur sér og færa þyngdarpunkt líkamans?	Einstaklingur getur auðveldlega breytt grunnlíkamsstöðu án stuðnings, hjálpartækja eða aðstoðar.	Einstaklingur getur almennt breytt líkamsstöðu en finnur stundum fyrir óþægindum, stífleika eða þarf aukinn tíma við ákveðnar hreyfingar.	Einstaklingur á erfitt með að breyta líkamsstöðu, þarf oft stuðning hjálpartækja eða aðstoð frá öðrum.	Einstaklingur getur aðeins breytt líkamsstöðu með stöðugum stuðningi eða sérhæfðum hjálpartækjum.	Einstaklingur getur ekki breytt líkamsstöðu sjálfstætt, þrátt fyrir notkun sérhæfðra hjálpartækja og er algjörlega háður aðstoð annarra við allar breytingar á líkamsstöðu.
d415	Vera í líkamsstöðu	Hvernig metur þú færni einstaklings til að vera í sömu líkamsstöðu eins lengi og þarf án verkja, svo sem að sitja eða standa við vinnu, nám eða daglegar athafnir?	Einstaklingur getur auðveldlega haldið sömu líkamsstöðu eins lengi og nauðsynlegt er, t.d. setið eða staðið án óþæginda eða hamlandi þreytu.	Einstaklingur getur almennt haldið líkamsstöðu en finnur stundum fyrir óþægindum, vægri þreytu eða þarf að breyta um stöðu oftár en eðlilegt telst.	Einstaklingur á erfitt með að vera í sömu líkamsstöðu í lengri tíma, t.d. vegna verkja, og þarf regluleg hlé eða stuðning til að viðhalda líkamsstöðu í vinnu eða daglegum verkefnum.	Einstaklingur getur aðeins verið í sömu líkamsstöðu í mjög stuttan tíma áður en miklir verkir, óþægindi eða sársauki neyðir hann til að breyta um stöðu eða fá aðstoð.	Einstaklingur getur ekki haldið líkamsstöðu án stuðnings og er algjörlega háður hjálpartækjum og/eða aðstoð annarra.
d430	Lyfta og bera hluti	Hvernig metur þú færni einstaklings til að lyfta og bera hluti, þar með talið að lyfta bolla eða verkfæri, bera kassa eða halda á barni, og færa hluti milli staða eða úr stað?	Einstaklingur getur auðveldlega lyft og borið hluti af mismunandi stærð og þyngd, bæði í höndum og á líkama, án erfiðleika eða óþæginda.	Einstaklingur getur almennt lyft og borið hluti en finnur stundum fyrir vægum óþægindum eða þarf að beita sér sérstaklega til að forðast óþægindi eða þreytu.	Einstaklingur á erfitt með að lyfta og bera hluti án aðstoðar og þarf að forðast ákveðnar hreyfingar vegna verkja eða sársauka.	Einstaklingur getur aðeins lyft og borið léttu hluti með notkun sértækra hjálpartækja eða með aðstoð til að sinna daglegum verkefnum.	Einstaklingur getur ekki lyft né borið léttu hluti og er algjörlega háður öðrum þrátt fyrir notkun sértækra hjálpartækja til að flytja hluti frá einum stað til annars.
d440	Fínhreyfivinna	Hvernig metur þú færni einstaklings til að beita samhæfðum hreyfingum handa, fingra og þumals til að taka upp, handleika og sleppa hlutum, svo sem að taka upp smámynt, hringja í síma eða snúa hurðarhúni?	Einstaklingur getur auðveldlega gripið, handleikið og sleppt hlutum með fingrum og höndum, bæði í einföldum og flóknum hreyfingum.	Einstaklingur getur almennt framkvæmt fínhreyfivinnu en finnur stundum fyrir stífleika, minnkuðu næmi eða samhæfingu við ákveðnar athafnir.	Einstaklingur á erfitt með að stjórna fínhreyfingum og á í vandræðum með að framkvæma nákvæmar hreyfingar án stuðnings eða breyttrar líkamsstöðu.	Einstaklingur getur aðeins framkvæmt fínhreyfingar með miklum takmörkunum, hefur verulega minnkaða stjórn á gripi og sleppingu og þarf hjálpartæki eða	Einstaklingur getur ekki framkvæmt fínhreyfivinnu án aðstoðar, nær ekki að grípa, halda eða sleppa hlutum og er algjörlega háður öðrum þrátt fyrir notkun sértækra hjálpartækja til að

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

						aðstoð við dagleg verkefni.	sinna daglegum verkefnum.
d4500	Ganga stuttar vegalengdir (minna en einn kílómeter)	Hvernig metur þú færni einstaklings til að ganga stuttar vegalengdir svo sem að ganga um gólf í herbergi, á göngum innandyrna eða ganga stuttar vegalengdir utandyra?	Einstaklingur getur gengið stuttar vegalengdir án erfiðleika, stuðnings eða óþæginda.	Einstaklingur getur gengið stuttar vegalengdir en finnur stundum fyrir óþægindum, þreytu eða stífleika og gæti þurft að hægja á sér.	Einstaklingur á erfitt með að ganga stuttar vegalengdir, þarf að taka hlé, styðja sig við húsgögn eða nota hjálpartæki eins og staf eða göngugrind.	Einstaklingur getur aðeins gengið mjög stuttar vegalengdir (t.d. innan herbergis) með verulegum stuðningi frá hjálpartækjum eða aðstoðarmanni og á erfitt með að viðhalda jafnvægi.	Einstaklingur getur ekki gengið mjög stuttar vegalengdir án aðstoðar og er algjörlega háður hjólastól eða annarri flutningsaðstoð.
d465	Fara um með aðstoð tækja	Hvernig metur þú færni einstaklings til að hreyfa sig frá einum stað til annars með aðstoð tækja, svo sem með hjólastól, göngugrind, á mismunandi undirlagi og í ólíkum rýmum?	Einstaklingur getur auðveldlega farið um með aðstoð hjálpartækja, stýrir þeim sjálfstætt og aðlagar sig ólíkum aðstæðum án erfiðleika.	Einstaklingur getur almennt farið um með aðstoð hjálpartækja en á stundum erfitt með að stjórna þeim við ákveðnar aðstæður, t.d. á ójöfnu undirlagi eða í þröngu rými.	Einstaklingur á erfitt með að nota hjálpartæki til að fara um, þarf aðlögun, stuðning eða sérstaka leiðsögn í vissum aðstæðum.	Einstaklingur getur aðeins notað hjálpartæki til þess að fara um með verulegum takmörkunum og þarf oft aðstoð annarra við að hreyfa sig milli staða.	Einstaklingur getur ekki farið sjálfstætt um með hjálpartæki og er algjörlega háður aðstoð annarra við að komast milli staða.
d470	Nota farartæki	Hvernig metur þú færni einstaklings til að nota farartæki til að ferðast milli staða sem farþegi, svo sem í bíl, rútu, lest, bát eða flugvél, eða vera fluttur af öðrum?	Einstaklingur getur auðveldlega notað farartæki sem farþegi, stjórnar eigin ferðavenjum og aðlagar sig að mismunandi farartækjum án erfiðleika.	Einstaklingur getur almennt notað farartæki en á stundum erfitt með að aðlagast ákveðnum ferðaaðstæðum, svo sem löngum ferðum eða ójöfnum vegum, en þetta hefur lítil áhrif á sjálfstæði hans.	Einstaklingur á erfitt með að nota farartæki sjálfstætt, þarf aðlögun, stuðning eða aðstoð, t.d. við að komast inn og út úr farartæki eða við að skipuleggja ferðalög.	Einstaklingur getur aðeins notað farartæki með verulegum takmörkunum, þarf reglulega aðstoð við að ferðast og getur aðeins farið stuttar vegalengdir með miklum stuðningi.	Einstaklingur getur ekki notað farartæki sjálfstætt og er algjörlega háður öðrum við að komast milli staða eða skipuleggja ferðalög.

2.5 Eigin umsjá

Kóði	Heiti atriðis	Spurning til fagaðila	0 – Enginn vandi	1 – Vægur vandi	2 – Miðlungs vandi	3 – Mikill vandi	4 – Algjör vandi
d510	Þvo sér	Hvernig metur þú færni einstaklings til að þvo sér, þar með talið að þvo og þurrka allan líkamann eða einstaka líkamshluta, svo sem hendur, fætur, andlit og hár, með vatni og viðeigandi aðferðum?	Einstaklingur getur þvegið og þurrkað allan líkamann án erfiðleika eða aðstoðar.	Einstaklingur getur almennt þvegið sér en gæti þurft lengri tíma, hvatningu, minni háttar aðlögun eða hjálpartæki vegna óþæginda eða skertrar hreyfigetu.	Einstaklingur á erfitt með að þvo sér sjálfstætt, þarf mikla hvatningu, aðstoð við suma hluta líkamans og notar hjálpartæki til að framkvæma athöfnina.	Einstaklingur getur aðeins þvegið sér að hluta og þarf verulega aðstoð eða stuðning við meginhluta athafnarinnar, svo sem í sturtu eða baði.	Einstaklingur getur ekki þvegið sér sjálfstætt og er algjörlega háður aðstoð annarra við alla umhirðu líkamans.
d530	Fara á salerni	Hvernig metur þú færni einstaklings til að skipuleggja og sjá um eigin losun á þvagi, hægðum og tíðablóði, þar með talið að stjórna þvaglátum og hægðalosun og þvo sér á eftir?	Einstaklingur getur farið á salerni, stjórnað þvaglátum og hægðalosun og þvegið sér á eftir án erfiðleika.	Einstaklingur getur almennt farið á salerni sjálfstætt en gæti stundum þurft meiri tíma eða minni háttar aðlögun, svo sem stuðningshandföng eða sérstakt salerni.	Einstaklingur á erfitt með að stjórna þvaglátum og hægðalosun eða þarf aðstoð við hluta athafnarinnar, svo sem að komast á salerni eða þvo sig á eftir.	Einstaklingur getur aðeins farið á salerni með verulegri aðstoð eða þarf reglulega aðstoð við öll skref athafnarinnar, þar með talið þvott eftir losun.	Einstaklingur getur ekki sjálfstætt séð um salernisferðir og er algjörlega háður öðrum við alla þætti losunar og hreinlætis.
d540	Klæðast og afklæðast	Hvernig metur þú færni einstaklings til að klæða sig í og úr fötum og skóm með viðeigandi samhfæingu og í samræmi við veðurfar og félagslegar aðstæður?	Einstaklingur getur sjálfstætt valið viðeigandi fatnað miðað við veðurfar og félagslegar aðstæður og klætt sig í og úr öllum fatnaði og skóm án erfiðleika.	Einstaklingur getur almennt klætt sig sjálfstætt en gæti stundum þurft smávægilega aðstoð við val á viðeigandi fatnaði eða ákveðnar hreyfingar, t.d. að hneppa, reima skó eða renna upp rennilás.	Einstaklingur getur klætt sig sjálfstætt en á erfitt með að velja fatnað í samræmi við veðurfar eða félagslegar aðstæður og þarf reglulega leiðsögn. Einnig getur hann átt í töluverðum erfiðleikum með ákveðna hluta klæðnaðarins, t.d. að hneppa hnöppum, reima skó eða renna upp rennilás.	Einstaklingur getur aðeins klætt sig að hluta, en þarf aðstoð við að velja fatnað og/eða klæða sig í og úr meirihluta fatnaðarins.	Einstaklingur getur ekki klætt sig sjálfstætt, þarf fullkomna aðstoð við að velja fatnað og klæða sig í samræmi við veðurfar og félagslegar aðstæður.

d550	Matast	Hvernig metur þú færni einstaklings til að matast, þar með talið nota mataráhöld og meðhöndla mat?	Einstaklingur getur matast án aðstoðar, meðhöndlar mat án erfiðleika, notar mataráhöld rétt og á viðeigandi máta.	Einstaklingur matast sjálfstætt en á stundum erfitt með að skera mat eða nota ákveðin áhöld. Þetta hefur lítil áhrif á færni hans.	Einstaklingur getur matast sjálfstætt en þarf oft aðstoð við að skera mat eða nota áhöld. Hann gæti átt í erfiðleikum með að borða í hópi.	Einstaklingur getur aðeins matast að hluta sjálfstætt og þarf verulega aðstoð við að meðhöndla mat eða koma honum upp að munni.	Einstaklingur getur ekki matast sjálfstætt og er algjörlega háður aðstoð annarra, þrátt fyrir notkun hjálpartækja.
d560	Drekka	Hvernig metur þú færni einstaklings til að drekka, þar með talið meðhöndla drykki, halda á drykkjaríláti og drekka á viðeigandi máta?	Einstaklingur getur drukkið án aðstoðar, meðhöndlar drykki og ílát rétt og á viðeigandi máta.	Einstaklingur drekkur sjálfstætt en á stundum erfitt með að opna flöskur eða drekka úr ákveðnum ílátum. Þetta hefur lítil áhrif á færni hans.	Einstaklingur getur drukkið sjálfstætt en þarf oft aðstoð við að meðhöndla ílát eða halda á drykk.	Einstaklingur getur aðeins drukkið að hluta sjálfstætt og þarf verulega aðstoð við að meðhöndla drykki eða koma þeim upp að munni.	Einstaklingur getur ekki drukkið sjálfstætt og er algjörlega háður aðstoð annarra við að drekka, þrátt fyrir notkun hjálpartækja.

2.6 Samskipti og tengsl

Kóði	Heiti atriðis	Spurning til fagaðila	0 – Enginn vandi	1 – Vægur vandi	2 – Miðlungs vandi	3 – Mikill vandi	4 – Algjör vandi
d710	Grunnsamskipti	Hvernig metur þú færni einstaklings til að eiga í grunnsamskiptum við aðra, þar með talið að sýna virðingu, hlýju og umburðarlyndi, bregðast við gagnrýni og félagslegum merkjum og nota líkamlega snertingu á viðeigandi hátt?	Einstaklingur getur átt í grunnsamskiptum á viðeigandi hátt, sýnir virðingu og nærgætni, skilur félagsleg merki og bregst við tilfinningum annarra á viðeigandi hátt.	Einstaklingur getur almennt átt í grunnsamskiptum en gæti stundum átt erfitt með að túlka eða svara félagslegum merkjum eða gagnrýni á viðeigandi hátt.	Einstaklingur á erfitt með grunnsamskipti, þarf oft leiðbeiningar eða stuðning til að sýna viðeigandi samskiptahætti, túlka félagsleg merki eða bregðast við gagnrýni.	Einstaklingur á mjög erfitt með grunnsamskipti, sýnir reglulega óviðeigandi hegðun í félagslegum aðstæðum og þarf verulega aðstoð eða eftirlit til að eiga í samskiptum.	Einstaklingur getur ekki átt í grunnsamskiptum á viðeigandi hátt, skilur ekki félagsleg merki eða bregst ekki við þeim og er algjörlega háður öðrum í félagslegum samskiptum.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

d720	Flókin samskipti	Hvernig metur þú færni einstaklings til að halda samskiptum gangandi og stjórna þeim í samræmi við viðteknar venjur og aðstæður, þar með talið að hafa stjórn á tilfinningum og hvötum og sýna félagslega hæfni í mismunandi aðstæðum?	Einstaklingur getur átt í flóknum samskiptum, viðheldur samræðum, stjórnar tilfinningum og hvötum og sýnir félagslega hæfni í mismunandi aðstæðum.	Einstaklingur getur almennt átt í flóknum samskiptum en gæti stundum átt erfitt með að stjórna tilfinningum eða hvatvisi, bregðast við félagslegum merkjum eða viðhalda samskiptum í krefjandi aðstæðum.	Einstaklingur á erfitt með flókin samskipti, þarf oft stuðning eða leiðsögn við að hafa stjórn á tilfinningum, halda uppi samræðum eða sýna félagslega hæfni í hópastarfi.	Einstaklingur á mjög erfitt með flókin samskipti, hefur takmarkaða stjórn á tilfinningum og hvötum, sýnir takmarkaða félagslega hæfni og þarf stöðuga aðstoð í samskiptum við aðra.	Einstaklingur getur ekki átt í flóknum samskiptum sjálfstætt, bregst ekki við félagslegum merkjum, stjórnar ekki hvötum sínum og þarf stöðuga aðstoð í félagslegum aðstæðum.
d740	Formleg tengsl	Hvernig metur þú færni einstaklings til að mynda og viðhalda formlegum tengslum í samskiptum (svo sem við kennara, vinnuveitendur, fagfólk eða þjónustuaðila), þar með talið að viðhalda samskiptum við yfirmenn, undirmenn og jafningja?	Einstaklingur getur auðveldlega myndað og viðhaldið formlegum tengslum í mismunandi aðstæðum, sýnir viðeigandi samskiptahætti og skilur hlutverk sín og annarra í formlegum samskiptum.	Einstaklingur getur almennt átt í formlegum samskiptum en á stundum erfitt með að hefja, viðhalda eða aðlaga samskipti við fólk í valdastöðu eða í formlegum aðstæðum.	Einstaklingur á erfitt með að mynda og viðhalda formlegum tengslum, þarf oft leiðsögn eða stuðning til að eiga samskipti við vinnuveitendur, kennara eða aðra í valdastöðu.	Einstaklingur á mjög erfitt með formleg tengsl, forðast oft samskipti við fólk í valdastöðu og þarf stöðuga aðstoð við að eiga samskipti í formlegum aðstæðum.	Einstaklingur getur ekki myndað eða viðhaldið formlegum tengslum, á í verulegum erfiðleikum með að hafa samskipti við fólk í valdastöðu og er algjörlega háður öðrum til að eiga formleg samskipti.

2.7 Meginsvið daglegs lífs

Kóði	Heiti atriðis	Spurning til fagaðila	0 – Enginn vandi	1 – Vægur vandi	2 – Miðlungs vandi	3 – Mikill vandi	4 – Algjör vandi
d840	Starfsþjálfun	Hvernig metur þú færni einstaklings til að taka þátt í starfsþjálfun eða undirbúningi fyrir atvinnuþátttöku, þar með talið að vinna verk sem krafist er í vettvangsnámi, verknámi, námssamningi eða þjálfun í starfi?	Einstaklingur getur tekið þátt í starfsþjálfun, fylgt leiðbeiningum, sinnt verkefnum á viðeigandi hátt og aðlagast vinnuumhverfi án vandkvæða.	Einstaklingur getur almennt tekið þátt í starfsþjálfun en gæti stundum átt erfitt með að fylgja flóknum leiðbeiningum, skipuleggja vinnu eða aðlagast breyttum aðstæðum.	Einstaklingur á erfitt með að taka þátt í starfsþjálfun án stuðnings og þarf leiðsögn eða aðlögun við framkvæmd verkefna og skipulag vinnu.	Einstaklingur getur aðeins tekið þátt í starfsþjálfun með verulegri aðstoð og þarf stöðugan stuðning við að fylgja leiðbeiningum, aðlagast vinnuumhverfi og sinna verkefnum.	Einstaklingur getur ekki tekið þátt í starfsþjálfun, á í verulegum erfiðleikum með að skilja eða fylgja leiðbeiningum og er algjörlega háður aðstoð annarra til að sinna vinnuverkefnum.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

d845	Finna, halda og ljúka starfi	Hvernig metur þú færni einstaklings til að finna, halda og ljúka starfi, þar með talið að leita að starfi, útbúa ferilskrá, hafa samband við vinnuveitendur, undirbúa viðtal, sýna sjálfstæð vinnubrögð og ljúka störfum á viðeigandi hátt?	Einstaklingur getur leitað að og fengið starf, haldið því, sýnt sjálfstæð vinnubrögð og lokið starfi á viðeigandi hátt án aðstoðar.	Einstaklingur getur almennt sinnt þessum þáttum en gæti stundum átt erfitt með ákveðna þætti, svo sem að undirbúa ferilskrá, hafa frumkvæði að atvinnuleit eða bregðast við kröfum vinnuveitanda.	Einstaklingur á erfitt með að finna, halda eða ljúka starfi án leiðsagnar eða stuðnings og þarf oft aðstoð við atvinnuleit, samskipti við vinnuveitendur eða skipulag starfsins.	Einstaklingur getur aðeins sinnt atvinnuleit eða starfsviðhaldi með verulegri aðstoð, þarf stuðning við alla þætti starfsferilsins og ætti erfitt með að viðhalda starfi án þess.	Einstaklingur getur ekki leitað að starfi, haldið starfi eða lokið því á viðeigandi hátt og er algjörlega háður aðstoð annarra í öllum þessum þáttum.
d850	Launuð störf	Hvernig metur þú færni einstaklings til að sinna öllum verkþáttum launaðs starfs, þar með talið að fá starf, mæta til vinnu, vinna verkefni sem tilheyra starfinu, veita eða þiggja leiðsögn og vinna sjálfstætt eða í hópi?	Einstaklingur getur sinnt öllum verkþáttum launaðs starfs sjálfstætt, mætir á réttum tíma, sinnir skyldum sínum, vinnur í hópi og fylgir leiðbeiningum án erfiðleika.	Einstaklingur getur almennt sinnt launuðu starfi en gæti stundum átt erfitt með ákveðna þætti, svo sem að skipuleggja verkefni, halda tímaáætlun eða aðlagast breytingum í vinnuumhverfi.	Einstaklingur á erfitt með að sinna launaðri starfi án stuðnings, þarf leiðsögn við skipulag verkefna, samskipti á vinnustað eða við að viðhalda stöðugleika í starfi.	Einstaklingur getur aðeins sinnt launuðu starfi með verulegum takmörkunum, þarf stöðuga aðstoð, sértæka aðlögun á vinnustað eða stuðning frá samstarfsfólki til að sinna verkefnum.	Einstaklingur getur ekki sinnt launuðu starfi sjálfstætt, á erfitt með að fylgja verkefnum eftir, mætir ekki eða getur ekki unnið með öðrum þrátt fyrir fulla aðstoð.
d870	Efnahagslegt sjálfstæði	Hvernig metur þú færni einstaklings til að stýra eigin fjármálum og til að tryggja efnahagslegt öryggi sitt í nútíð og framtíð?	Einstaklingur getur sjálfstætt haft umsjón með eigin tekjum, gert fjárhagsáætlun, greitt reikninga á réttum tíma og tryggt efnahagslegt öryggi sitt í nútíð og framtíð.	Einstaklingur getur almennt stjórnað fjármálum sínum en gæti stundum átt erfitt með ákveðna þætti, svo sem langtímaáætlanir, sparnað eða að sækja um fjárhagslega aðstoð ef þörf krefur.	Einstaklingur á erfitt með að stýra eigin fjármálum og þarf leiðsögn eða stuðning, svo sem við að greiða reikninga, áætla útgjöld eða nýta styrki.	Einstaklingur getur aðeins stýrt fjármálum sínum með verulegum takmörkunum, þarf stöðuga aðstoð við alla fjárhagslegar ákvarðanatökur og er háður öðrum við stjórnun fjármuna.	Einstaklingur getur ekki stýrt eigin tekjum, á erfitt með að skilja eða taka fjárhagslegar ákvarðanir og er algjörlega háður öðrum við að tryggja efnahagslegt öryggi sitt.

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

3 E-ÞÆTTIR – UMHVERFI

Þau atriði sem lúta að einstaklingnum og umhverfi hans eru eftirfarandi. Í tilviki e-þátta lýsir kvarðinn stigvaxandi umfangi hindrunar í umhverfi einstaklings frá 0 (engin hindrun) til 4 (algjör hindrun). Kvarðanum fylgja engar lýsingar.

3.1 Aðstoð

Hjálpartæki og tækni – Aðgengi að viðeigandi hjálpartækjum og tæknilausnum í starfi

Kóði	Heiti atriðis
e1151	Hjálpartæki til persónulegra nota
e1201	Hjálpartæki til að fara um og ferðast innanhúss og utan (t.d. gönguhjálpartæki, hjólastóll)
e1251	Hjálpartæki til tjáskipta (t.d. heyrnartæki, gleraugu eða sérhæfðari tæki)
e1301	Hjálpartæki til náms (sérhæfður tölvubúnaður, sérhönnuð áhöld)
e1351	Hjálpartæki til atvinnu (t.d. stillanleg borð, vélabúnaður, hugbúnaðar)

3.2 Aðbúnaður á vinnustað

Aðbúnaður á vinnustað – Umhverfi og aðstaða á vinnustaðnum

Kóði	Heiti atriðis
e1500	Inn og útgönguleiðir aðgengilegar
e1501	Aðstaða aðgengileg (t.d. á snyrtingu)
e1502	Merkingar aðgengilegar

3.3 Aðstæður á vinnustað

Aðstæður á vinnustað – Umhverfi og aðstaða á vinnustaðnum

Kóði	Heiti atriðis
e240	Lýsing

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

e250	Hljóðvist
e255	Titringur
e260	Loftgæði
e298	Fyrirkomulag vinnurýmis (t.d. opið eða lokað rými)

3.4 Stuðningur

Félagslegur og faglegur stuðningur – Stuðningur frá fjölskyldu, vinnustað eða fagaðilum

Kóði	Heiti atriðis
e310	Stuðningur í nærumhverfi (fjölskylda)
e320	Stuðningur í nærumhverfi (vinir)
e325	Stuðningur á vinnustað (vinnuveitendur)
e330	Stuðningur á vinnustað (samstarfsfólk)
e340	Stuðningur frá fagfólki (persónulegir aðstoðarmenn)
e355	Stuðningur frá fagfólki (heilbrigðisstarfsfólk)
e360	Stuðningur frá fagfólki (fagaðilar)

3.5 Viðhorf

Viðhorf í umhverfi – Viðhorf og afstaða fólks í umhverfi einstaklingsins

Kóði	Heiti atriðis
e410	Viðhorf nánustu fjölskyldu
e425	Viðhorf starfsfélaga
e430	Viðhorf yfirmanna
e440	Viðhorf umönnunaraðila og aðstoðarfólks

Útgáfa 1.0 (25.08.2025)

e455	Viðhorf fagfólks sem kemur að heilbrigðismálum
e460	Viðhorf samfélags (almennar eða sértækar skoðanir sem hafa áhrif á aðgengi og möguleika einstaklingsins á vinnumarkaði)

3.6 Þjónusta

Þjónusta og úrræði – Aðgengi að viðeigandi þjónustu sem styður við þátttöku í vinnu

<i>Kóði</i>	<i>Heiti atriðis</i>
e5250	Þjónusta í búsetumálum (viðeigandi húsnæðisúrræði)
e5400	Þjónusta í samgöngumálum (ferðaþjónusta fatlaðra, sérútbúin farartæki, aðgengi að almenningssamgöngum)
e5700	Þjónusta í almannatryggingum (fjárhagslegur stuðningur)
e5800	Þjónusta í heilbrigðismálum (læknisþjónusta, geðheilbrigðisþjónusta, sjúkraþjálfun)
e5850	Þjónusta í námi og þjálfun (aðgengi að námi, starfsendurhæfing, sértæk aðstoð í námi)
e5900	Þjónusta í atvinnumálum (ráðgjöf, starfsendurhæfing, styrkir til aðlögunar á vinnustað)
e598	Þjónusta fyrir nána fjölskyldumeðlimi (foreldrar, börn, maki)

3.7 Annað í vinnuumhverfi

Framboð starfa á vinnumarkaði

<i>Kóði</i>	<i>Heiti atriðis</i>
e5908a	Framboð starfa við hæfi (eru til störf sem henta færni og getu einstaklingsins?)
e5908b	Framboð hlutastarfa (eru til hlutastörf sem henta einstaklingnum?)
e5908c	Framboð starfa sem veita sveigjanleika (t.d. fjarvinna, sveigjanlegur vinnutími)
e5908d	Framboð starfa á viðeigandi tíma (eru störf í boði á þeim tíma dags eða vikna sem hentar einstaklingnum?)

4 P-ÞÆTTIR – PERSÓNUBUNDNIR ÞÆTTIR

Þau atriði sem lúta að persónubundnum þáttum eru eftirfarandi:

Kóði	Heiti atriðis
p1	Aldur
p2	Hjúskaparstaða
p3	Húsnæði
p4	Heimilisfang
p5	Fjöldi barna á heimili
p6	Fjöldi búsettra á heimili
p7	Móðurmál
p8	Færni í íslensku eða ensku
p9	Staða á vinnumarkaði
p10	Starfsgrein
p11	Síðast í launuðu starfi
p12	Áhugahvöt til vinnu
p13	Menntun
p14	Starfsgeta
p15	Mikilvægi vinnu
p16	Fyrri endurhæfing
p17	Meginvandi óvinnufærni
p18	Fjöldi mánaða á virknistyrk
p19	Fjöldi tímabila á virknistyrk
p20	Ástæða þjónustuloka